

Fundargerð 42. fundar í stjórn Próunarfélags Keflavíkurflugvallar 17. desember, kl. 12.00 á skrifstofu félagsins, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir: Páll Sigurjónsson, stjórnarformaður  
Reynir Ólafsson, stjórnarmaður  
Sigurður Valur Árnason, varastjórnarmaður  
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri  
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm. framkvæmdastjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Háskólavellir  
Framkvæmdastjóri fór yfir mál tengd sölu Háskólavalla á Grænásbraut 920. Einnig var stjórn upplýst um greiðslufrest sem Háskólavellir hafa óskað eftir við ÞK.  
Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna lausn á málunum.
2. Sjúkrahúsverkefni, stofnun félags og þátttaka ÞK.  
Stjórn kynnt staða mála.  
Stjórn veitir framkvæmdastjóra heimild til stofnun sérstaks fasteignafélags utan um þetta verkefni og vinna málið áfram.
3. Verkefni framundan – nýtt skipurit ÞK.  
Framkvæmdastjóri lagði fram til samþykktar nýtt skipurit og verkefni framundan. Stjórn samþykkti fyrir sitt leyti nýtt skipurit og þær breytingar í mannhaldi sem nauðsynlegar eru.
4. Önnur mál  
Fjárheimildir næsta árs .  
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu næsta árs.

Grænir iðngarðar.  
Stjórn upplýst um þátttöku ÞK í skýrslugerð um græna iðngarða.

Erindi til Base.  
Stjórn upplýst um málefni Base ehf. vegna kaupsamninga við ÞK. Stjórn felur framkvæmdastjóra að klára málið.

5. Samþykkt á fundargerð þessari.  
Borinn upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.

*Páll Sigurjónsson*  
*Sigurður Valur Árnason*  
*Reynir Ólafsson*